

Kór Ís- lensku óp- erunnar í Hveragerði

KÓR Íslensku óperunnar heldur tónleika í Hveragerðiskirkju kl. 17 á sunnudag ásamt einsöngvurunum Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur, Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Bergþóri Pálssyni. Á efnið skránni eru þekkt og vinsæl atriði úr óperum og óperettum.

Kórinn byrjar ferðina með því að syngja við messu í Skálholtskirkju kl. 14. Þar flytur kórinn trúarleg atriði úr annars veraldlegum óperum.

Á tónleikunum í Hveragerði verður að auki slegið á léttari strengi. Þar verða m.a. flutt atriði úr óperettunum Leðurblókunni, Kátu ekkjunninni og Sardasfurstynjunni, atriði úr Porgy og Bess eftir Gershwin og þekkt kóratriði úr óperum Verdis.

Píanóleikari í ferðinni er Iwona Jagla, en í Skálholti leikur organisti kirkjunnar, Hilmar Örn Agnarsson, með kórnum. Stjórnandi Kórs Íslensku óperunnar er Garðar Cortes.

Skúlpúturar og vegg- myndir í Gerðarsafni

GRÍMUR Marínó Steindórsson opnar sýningu í Gerðarsafni í Kópavogi laugardaginn 27. maí kl. 15. Á sýningunni eru skúlpúturar og veggmyndir.

Grímur hefur haldið milli 20 og 30 einkasýningar og verið þátttakandi í samsýningum hér heima og erlendis.

Við opnun sýningarinnar leikur Hallfríður Ólafsdóttir á flautu frumflutt verk eftir Gunnar Reyni Sveinsson. Einnig syngur Bergþór Pálsson lög úr nýútkominni nótnabók með lögum eftir Halldór Laxness og Kristjönu E. Guðmundsdóttur.

Sýningunni lýkur 18. júní.



FYRSTA teiknimyndasagan, *Yellow Kid*, sem kom fram á sjónarsviðið fyrir 100 árum.

Teiknimyndasagan 100 ára

Bandaríkjamenn samfagna Stjána bláa og Andrésí önd

TEIKNIMYNDASAGAN verður 100 ára í þessum mánuði. Svo fullyrða Bandaríkjamenn að minnsta kosti, en þeir minnst tímamótanna með mikilli sýningu í „The National Gallery of Caricature and Cartoon“, sem er til húsa í Baltimore, svo og í stærsta bókasafni heims, „Library of Congress“, bókasafni Bandaríkjaþings í Washington. Þá gefur pósthjónustan út tuttugu ný frímerki í tilefni tímamótanna.

Upphafid er rakið til teiknimyndasögunnar „Yellow Kid“ (Guli strákurinn), eftir Richard Outcault sem birtist í *New York World* árið 1895. Blaðakóngurinn William Randolph Hearst heillaðist af hugmyndinni og bætti um betur í blaði sínu *Morning Journal* þar sem teiknimyndasaga birtist stutta síðar í lit. Eftir þetta varð ekki aftur snúið og nú eru teiknimyndasögurnar eitt mest lesna efni dagblaða um allan heim, að því er segir í *Politiken*.

Þrátt fyrir að fyrsta teiknimyndasagan sé að öllum líkindum bandarísk, á sú aðferð, að setja teikningarnar upp líkt og á filmu, sér ekki upphaf vestanhafs. Það var Þjóðverjinn Wilhelm Busch, höfundur „Max og Moritz“, sem fyrstur fékk þá hugmynd.

Bandaríkjamenn hafa hins vegar ráðið lögum og lofum á markaðnum. Tinnabækur Belgans

Hergés og sögunnar um Ástrík sem Goscinny og Uderzo sömdu heyrta til undantekninga.

Stjáni blái lifir

Fyrstu teiknimyndasögunnar eru vissulega merk söguleg heimild en eiga hins vegar færast nokkurt erindi til lesendur teiknimyndasagna nú. Til undantekningar heyrir þó t.d. „Stjáni blái“ eftir Elzie Christler Sagar, sem kom fram á sjónarsviðið árið 1919.

Mestu framfarirnar urðu á fjórða áratugnum þegar ævintýri og ofurmenni ýmiskonar litu dagsins ljós. Harold Foster og Burne Hogart kynntu Tarsan og Prins Valiant til sögunnar, Chester Gold Dick Tracy og í lok áratugarins birtist sjálft Ofurmennið. Þá má ekki gleyma Walt Disney, sem gerði Andrésí önd, Mikka mús og félagá ódauðlega.

Da Vinci og hellamyndir

Hart hefur verið deilt um áhrif teiknimyndasagna á börn, sem margir telja afar óæskileg. Þeir eru þó einnig til sem telja þær vera eitt merkasta framlag Bandaríkjamanna til vestrænnar menningar.

Flestir sérfræðingar eru sammála um að teiknimyndasögurnar séu skilgetin afkvæmi skopteikningarinnar sem þekktist þegar á dögum Leonardos da Vincis.



TARSAN, frá 1956.

Góður skáldskapur og vondur

ANDBLÆR er tímarit og líka sjálfútgáfuforlag. Annað tölublað annars árgangs Andblæs hefur undirtitillinn Bókmenntir og draumbókmenntir. Ritnefnd skipa Bjarni Bjarnason, Valdimar Tómasson og Þórarinn Torfason. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er Steinunn Ásmundsdóttir.

Áhersla er lögð á frumsamdar íslenskar bókmenntir og vonir standa til að Andblær geti orðið „frjósamur vettvangur íslenskra nýbókmennta“ samkvæmt því sem ritstjórnin skrifar.

„Merkilegar“ bókmenntir

Það vekur athygli að ritnefndin sem er sú sama og stjórna forlagsins lætur fara frá sér leiðbeiningar til höfundar þar sem meðal annars þessi orð standa: „Kröfurnar eru einkum þær að um innihald sé að ræða, málfar þarf að vera rétt og frágangur texta almennilegur. Ritnefndin setur sig ekki í dómarasæti yfir hvaða bókmenntir séu „merkilegar“ en áskilur sér þó rétt til að hafna mjög vondum skáldskap.“

Sameiningarafi skálda

Sjálfútgáfuforlagið er hugsað sem sameiningarafi skálda sem gefa út bækur á eigin kostnað. Út eru komnar á vegum Andblæs bækur eftir Bjarna Bjarnason, Þórarinn Torfason og Ásdís Ólafsdóttir. Væntanlegar í haust eru bækur eftir Hrafn Harðarson og Steinunni Ásmundsdóttur.

Ætli ritnefndin að standa við það að hafna mjög vondum skáldskap má búast við að hún taki viljandi vandan skáldskap upp á arma sína.

Fjölbreyttni

Nýútkominn Andblær er fjölbreytilegur, ekki síst fyrir það að í



Steinunn Ásmundsdóttir



Ásdís Ólafsdóttir

honum er að finna forvitnilegan skáldskap og „skáldskap“ sem varla getur kallast því nafni. Við hlíð kunnra höfundar eru nýgræðingar sem virðast vera að stíga fyrstu sporin í ritlist. Engum er gerður greiði með því að birta fálmkenndar frumtilraunir, en sá tími er víst að mestu liðinn að ung skáld taki mark á ströngum dómum sér eldri manna.

Pagnarmyndir

Meðal þess sem gaman var að kynna í Andblæ var skáldskapur eftir Einar Ólafsson, Þórð Helgason, Stefán Snævarr, Birgi Svann Simonarson, Kjartan Árnason, Þorvald Þorsteinsson, Ásdís Ólafsdóttir og Fjólu Ósk Bender. Gunnhildur Sigurjónsdóttir er nýr höfundur sem fer óvenju vel af stað.

Útgáfubækur Andblæs, Vísland Bjarna Bjarnasonar og Dögna eftir Þórarinn Torfason, hafa fengið góðar viðtökur. Birta nætur eftir Ásdís Ólafsdóttur er fyrsta bók hennar og er gefin út í hundráð tölusetum eintökum. Ljóðin eru tilfinningalegs eðlis og í anda einfaldleikans. Þess er gætt að segja sem minnst, en í ljóðunum búa engu að síður heitar kenndir:

Í hvítri skúffu
geymi ég myndir
málaðar af þögn þinni.
Ég geymi þær næst
sálinni og þegar
enginn sér til tek ég
þær upp og greini
það líta sem enginn sá.

Birta nætur er geðþekkt ljóðakver. Sum ljóðanna benda til annars og meira en ljóðrænna efniga; dæmi um það er lokaljóðið Steinninn um fuglenn stóra og söguna sem var greypt í steininn.

Jóhann Hjálmarsson

Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju

Englar þeyta lúðra og skjóta örvum

Kirkjulistahátíð 1995 verður haldin í Hallgrímskirkju í Reykjavík 3. - 18. júní. Einnikenni hátíðarinnar sem er sú fimmta í röðinni eru frumsamið íslenskt efni, erlendar gestakomur og sérstök áhersla á efni fyrir börn.

KIRKJULISTAHÁTÍÐ 1995 verður sett við hátíðlega athöfn í Hallgrímskirkju laugardaginn 3. júní kl. 14. Frumfluttir verða nýir íslenskir barnasálmur og opnaðar tvær sýningar. Við setninguna verður leikin tónlist eftir Hafliða Hallgrímsson og Þorkel Sigurbjörnsson. Séra Kristján Valur Ingólfsson hefur samíð ný sálma að beiðni hátíðarinnar og eru þeir ætlaðir til söngs í barnakórnum. Hjálmar H. Ragnarsson hefur samíð ný lög við sálmanna sem verða fluttir af samkór barnakóra í Reykjavíkurprófastsdæmunum báðum. Aðalstjórnandi samkórsins er Þórunn Björnsdóttir og undirleikari Jón Stefánsson. Við setningarathöfnina verða sálmarnir tengdir saman í eina

heild með þeim ritningartextum sem þeir vísa til. Hjálmar H. Ragnarsson hefur tónsett ritningartextana og verða þeir sungnir af karlakór úr Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar. Tónmenntasjóður kirkjunnar gerði Kirkjulistahátíð kleift að panta þessi verk.

Englar eru þemað í myndlistarsýningu barna og unglínga, 6 - 16 ára, úr Myndlistarskólanum í Reykjavík. Sýningin er ávöxtur samvinnu skólans og hátíðarinnar. Mynd af engli sem þeytir lúður eftir Ólöfu Ólafsdóttur, 14 ára nemandi Myndlistarskólans, prýðir veggspjald og dagskrárarit hátíðarinnar.

Norska listakonan Else Marie Jakobsen sýnir myndvefnað, en hún hefur meðal annars ofið altariðflúr. Í vefnaði listakonunnar má greina mikilvægi þess að koma á framfæri boðskap og taka afstöðu.

Á hvítasunnudag er hátíðarmessa í Hallgrímskirkju kl. 11 þar sem sérstaklega er vandad til tónlistarflutnings. Orgeltónleikar Francois-Henri Houbart verða kl. 20. Á efnið skrá er frönsk tónlist frá fjórum öldum. Houbart er organisti Madeleinekirkjunnar í París, en forverar hans í því embætti voru meðal annarra Saint-Saens og Fauré.

Annar dag hvítasunnudag verður nýtt íslenskt leikrit flutt í kór kirkjunnar. Leikritið er eftir Steinunni Jóhannesdóttur og nefnist Síðasta heimsohn Guðríðar Simonardóttur í kirkju



ENGILL eftir Ólöfu Ólafsdóttur.

Hallgríms. Í leikritinu sem er skrifað að beiðni Kirkjulistahátíðar er fjallað um píslarsögu Guðríðar og ástarsögu hennar og Hallgríms Péturssonar. Með aðalhlutverk fara Helga Bachmann, Helga Elinborg Jónsdóttir og Þróstur Leó Gunnarsson. Leikmynd og búninga gerði Elin Edda Árnadóttir. Hörður Áskelsson er höfundur tónlistar og leikur á orgel Hallgrímskirkju. Höfundur er leikstjóri.

Þriðjudaginn 6. júní kl. 20 leggja kirkjukórar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra saman krafta sína í tónleikum með Sinfóníuhljóm-sveit áhugamanna. Efnisskrá er messa eftir Schubert og norræn kórtónlist.

Örvar englanna er konsert þar sem Nils Henrik Asheim og Anne-Lise Berntsen túlka norska alþýðusálma. Konsertin verður fluttur

fimmtudaginn 8. júní kl. 20 í Hallgrímskirkju. Nils Henrik Asheim er afkastamikill tónskáld, fæddur 1960. Hann er nú tónskáld ársins hjá Sinfóníuhljómssveit Prándheims. Þekktustu verk hans eru óratorían Upprisa Martins Luthers Kings (1992) og kynningarlag Vetrarólympíuleikanna í Lillehammer 1994. Anne-Lise Berntsen er víðkunnsópransöngkona.

Föstudaginn 9. júní kl. 20 leikur Þjóðverjinn Edgar Krapp Bach og rómantísk orgelverk á orgel Hallgrímskirkju. Krapp er einn af þekktustu organistum Þýskalands.

Sunnudaginn 11. júní kl. 17 leikur breski orgelleikarinn Gillian Weir í Hallgrímskirkju. Um hana hefur verið sagt: „Ef þér fellur ekki við orgeltónlist, þá er það vegna þess að þú hefur ekki heyrt Gillian Weir spila.“

Fimmtudag og föstudag 15. og 16. júní kl. 20 verða Sálumessa og Lítania KV 243 eftir Mozart flutt í Hallgrímskirkju. Sálumessan er í flutningi Sólrúnar Bragadóttur, Hrafnhildar Guðmundsdóttur, Gunnars Guðbjörnssonar, Magnúsar Baldvínssonar, Mótettukórs Hallgrímskirkju, Sinfóníuhljómssveitar Íslands og Íslenska dansflokksins. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Kirkjulistahátíð pantaði dansverk við Sálumessuna hjá Nönnu Ólafsdóttur og hefur hún samið verk fyrir Íslenska dansflokkinn sem tilheyrir vissum þáttum messunnar. Sigurjón Jóhannsson gerði leikmynd og búninga.

Sunnudaginn 18. júní kl. 20 er á dagskrá Óratoríukór Gustavs Vasa-kirkju í Stokkhólmi og hin virta Konunglega sænska hirðhljómssveit undir stjórn Anders Ohlsons. Á efnið skrá er Sálumessa og Te deum eftir Otto Olsson.

Aðstandendur Kirkjulistahátíðar eru Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og vestra, Listvinafélag Hallgrímskirkju og Þjóðkirkjan. Framkvæmdastjórn skipa Einar Karl Haraldsson, Hörður Áskelsson, sem er formaður, Jóhann E. Björnsson, Valgerður Bergsdóttir og Þóra Kristjánsdóttir. Framkvæmdastjóri er Jóhanna Árnadóttir.